# Vatnsnyt móður jarðar í sögulegu lágmarki



Árni Árnason Yfirvélfræðingur Norðurorku

Vatnsveita á Oddeyri 1902

Vatnsveita Akureyrar stofnuð 1914

Hesjuvallalindir virkjaðar 1914

Sellandslindir virkjaðar 1958

Vaglalindir í Hörgárdal 1972

# Takmarkað neysluvatn á síðustu öld

- Eins og sést á úrklippunum hér á eftir hefur neysluvatn verið við “hungurmörk” á Akureyri í ein 30 ár.  Frá seinna stríði fram til 1972 þegar boraðar voru vatnstökuholur á Vaglaeyrum í Hörgárdal og lögð lögn þaðan til Akureyrar. Fyrst 315 mm plastlögn og síðan 400 mm við hliðina.



LINDARPENNA fann eg við Skólastíg nr. 7, Akureyri.
Hreinn Jónasson, sími 273.

**Vegna vatnsleysis**

á efstu býlum bæjarins eru menn alvarlega áminntir um, að láta ekki vatn frá vatnsveitunni renna að óþörfu. Sérstaklega er bannað að láta vatn renna að nóttu til. Verði uppvíst um þá, sem það gera, verður vatnið tekið af þeim húsum fyrirvaralaust.

Vatnsveita Akureyrar.

**Útsalan**

er í fullum gangi.

Dagur, 7. tbl.
17. febrúar 1944



**Vegna vatnsleysis**

á efstu býlum bæjarins eru menn alvarlega áminntir um, að láta ekki vatn frá vatnsveitunni renna að óþörfu. Sérstaklega er bannað að láta vatn renna að nóttu til. Verði uppvíst um þá, sem það gera, verður vatnið tekið af þeim húsum fyrirvaralaust.

Vatnsveita Akureyrar.

Verkamaðurinn, 7 tbl.
19. febrúar 1944

# Akureyringar!

Að gefnu tilefni er fastlega skorað á alla bæjarbúa, að fara sparlega með vatn frá Vatnsveitunni. Og stranglega bannað að láta vatn renna að óþörfu, t. d. við að útvatna fisk, kjöt eða við að kæla mjólk. — Sannist hirðuleysi manna í þessum efnum, verður vatnið fyrirvaralaust tekið af þeim húsum yfir lengri tíma.

VATNSVEITA AKUREYRAR.

**Verkamaðurinn, 10. tbl.,**
**7. mars 1947**

VERKAMA

# Akureyringar:

Það er enn þá skorað fastlega á alla bæjarbúa að fara sparlega með vatn frá Vatnsveitunni, og eru þeir, sem varir verða við hirðuleysi manna í því efni, beðnir að tilkynna það tafarlaust til vatnsveitustjóra.

VATNSVEITA AKUREYRAR.

**Verkamaðurinn, 26. tbl.,**
**4. júlí 1947**

NORÐURORKA

Vatnsveita Akureyrar

## Akureyringar!

Vegna mjög mikillar vatnsþurrðar í fjallinu, er fólk alvarlega áminnt um að fara sparlega með vatnið.

*Bílaþvottur, gangstéttaþvottur og gluggaþvottur* með slöngum frá vatnshönum er algjölgera bannaður fyrst um sinn.

**Vatnsveitan.**

Verkamaðurinn, 18. tbl. 22. apríl 1950

NORÐURORKA

## Akureyringar!

Þar sem vatnið úr fjallinu er mjög mikið farið að minnka, er nauðsynlegt, að allir bæjarbúar séu samtaka um að spara vatnið.

Þá eru húsmæður varaðar við að láta slöngur frá opnum vatnskrönum liggja niður í óhreinindi, þar sem þau geti sogazt upp í vatnskerfið, ef fyrirvaralaust yrði vatnslaust, en slíkt getur komið fyrir í sumum hverfum bæjarins.

Þeir, sem verða varir við óhóflegt vatnsrennsli í húsum, eru beðnir að tilkynna það vatnsveitustjóra.

**Vatnsveita Akureyrar.**

Dagur, 11. tbl. 14. mars 1951

VATNSVEITA AKUREYRAR.

## Góðir Akureyringar!

Vegna langvarandi frosta, hefur vatnið minnkað frá lindunum það mikið, að leiðslurnar til aðalsafngeyma bæjarins hafa ekki nóg að flytja; af því leiðir vatnsskortur sums staðar í bænum, seinni hluta dags, ef ekki verður gætt sparnaðar hjá bæjarbúum með vatnsneyzlu. Vil ég því hvetja alla neytendur vatns á Akureyri til þess *að fara sparlega með vatnið og láta ekki renna að óþörfu, sem oft vill verða*, svo að ekki þurfi að koma til víðtækra ráðstafana. Vatnið mun nægja öllum, ef íbúarnir sýna þegnskap. — Tekið er á móti bilanatilkynningum og öðrum fyrirspurnum varðandi vatnsveituna *alla virka daga frá kl. 10 til 11.30* og á öðrum tíma dagsins eftir atvikum í síma Vatnsveitunnar sem er *2261*.

VATNSVEITUSTJÓRI.

**Verkamaðurinn 7. tbl. 18. febrúar 1955**

Vatnsveita Akureyrar.

## Akureyringar!

Vegna langvarandi þurrka síðastliðið sumar og frosta undanfarið, hefir vatnið í lindunum minnkað svo mikið, að leiðslurnar til safngeyma bæjarins hafa ekki nóg að flytja. Af því leiðir að mjög lítið safnast fyrir í geymana yfir nóttina. Til þess að safnist vatn til næsta dags, er nauðsynlegt að íbúarnir láti ekki vatnið renna yfir nóttina. Ég vil hvetja alla bæjarbúa til að fara sparlega með vatnið og láta ekki renna að óþörfu, einnig að láta gera við krana og tæki sem eru biluð. Búast má við vatnsskorti seinni hluta dags um efri hluta bæjarins, þar með talið Nausta-hverfi, Lækjargata, Glerárþorp og norður hluti Oddeyrar. Yfir nóttina má einnig búast við vatnsskorti í áður nefndum hverfum og jafnvel víðar, vegna þess að óhjákvæmilega þarf að loka nokkrum vatnsæðum til bæjarins yfir nóttina, svo safnist fyrir til næsta dags.

Næstu daga verða eftirlitsmenn sendir um bæinn til að athuga um óþarfa vatnsrennsli. Með tilvísun til reglugerðar vatnsveitunnar er bannað að láta vatn renna um vatnsæðar til varnar að frjósi í þeim.

**Vatnsveitustjóri.**

Dagur 4. tbl. 18. janúar 1958

Vatnsveita Akureyrar.

Akureyringar!

Vegna langvarandi þurrka síðastliðið sumar og frosta undanfarið, hefir vatnið í lindunum minnkað svo mikið, að leiðslurnar til safngeyma bæjarins hafa ekki nóg að flytja. Af því leiðir að mjög lítið safnast fyrir í geymana yfir nóttina. Til þess að safnist vatn til næsta dags, er nauðsynlegt að íbúarnir láti ekki vatnið renna yfir nóttina. Ég vil hvetja alla bæjarbúa til að fara sparlega með vatnið og láta ekki renna að óþörfu, einnig að láta gera við krana og tæki sem eru biluð. Búast má við vatnsskorti seinni hluta dags um efri hluta bæjarins, þar með talið Nausta-hverfi, Lækjargata, Glerárþorp og norður hluti Oddeyrar. Yfir nóttina má einnig búast við vatnsskorti í áður nefndum hverfum og jafnvel víðar, vegna þess að óhjákvæmilega þarf að loka nokkrum vatnsæðum til bæjarins yfir nóttina, svo safnist fyrir til næsta dags.

Næstu daga verða eftirlitsmenn sendir um bæinn til að athuga um óþarfa vatnsrennsli. Með tilvísun til reglugerðar vatnsveitunnar er bannað að láta vatn renna um vatnsæðar til varnar að frjósi í þeim.

Vatnsveitustjóri.

Verkamaðurinn 3. tbl. 25. janúar 1958

VATNSVEITA AKUREYRAR:

## Akureyringar!

Vegna vatnsskorts, þarf að fara fram vatnsmiðlun. Verður af þeim sökum vatnslaust eða vatnslítið frá kl. 7 e. h. alla virka daga um óákveðinn tíma í Lækjargötu, Aðalstræti, Hafnarstræti, Brekkugötu, Oddeyri og Gleráreyrum.

VATNSVEITUSTJÓRINN.

Dagur 16. tbl. 19. mars 1958

VATNSVEITA AKUREYRAR:

## Akureyringar!

Vegna vatnsskorts, þarf að fara fram vatnsmiðlun. Verður af þeim sökum vatnslaust eða vatnslítið frá kl. 7 e. h. alla virka daga um óákveðinn tíma í Lækjargötu, Aðalstræti, Hafnarstræti, Brekkugötu, Oddeyri og Gleráreyrum.

VATNSVEITUSTJÓRINN.

Verkamaðurinn 11. tbl. 21. mars 1958

## Frá Vatnsveitu Akureyrar

Vegna vatnsskorts í lindum Vatnsveitunnar eru íbúar bæjarins áminntir um að fara sparlega með vatnið og láta ekki renna að óþörfu.

Næturrennsli er stranglega BANNAD.

VATNSVEITA AKUREYRAR.

Dagur, 29. janúar 1966

## Frá Vatnsveitu Akureyrar

Þar sem enn vantar vatn frá lindum Vatnsveitunnar og hjálparstöðvar, sem notaðar hafa verið í vetur, eru ónothæfar vegna leysinga, verður vatnsskortur um bæinn um óákveðinn tíma.

*Skorað er á bæjarbúa að fara sparlega með vatnið.*

*Stranglega er bannað að láta vatn renna um slöngur á glugga, stéttar og til bílaþvotta.*

**Vatnsveitustjóri.**

Verkamaðurinn, 20. tbl. 20. maí 1966



# Frá Vatnsveitu Akureyrar!

Þar sem enn vantar vatn frá lindum Vatnsveitunnar og hjálparstöðvar, sem notaðar hafa verið í vetur, eru ónothæfar vegna leysinga, verður vatnsskortur um bæinn um óákveðinn tíma.

**Skorað er á bæjarbúa að fara sparlega með vatnið.**

**Stranglega er bannað að láta vatn renna um slöngur á glugga, stéttar og til bílaþvotta.**

VATNSVEITUSTJÓRI.

Dagur, 39. tbl. 18. maí 1966

## Aðstæður

- Mikill hluti ársúrkomu fellur sem snjór á ákomusvæði vatnslindanna í Hlíðarfjalli
- Yfirleitt skilar vatnið sér til grunnvatnsins í byrjun maí og úrkoma sumarsins skilar mjög miklu vatni til vatnsbólanna út sumarið og fram á haust
- Þegar komið er fram í mars-apríl er vatnið úr lindunum minnst

- Tvö þrýstisvæði eru í bænum
- Sjálfrennandi er í vatnsgeymi fyrir efra þrýstisvæði frá Hesjuvallalindum og Sellandslindum. Sé notkun minni en öflun úr “fjallinu” er umframvatninu sleppt niður í vatnsgeymana sem eru fyrir neðra þrýstisvæðið.

- Þegar vatnið úr “fjallinu” annar ekki notkun bæjarins er því sem á vantar dælt frá Vöglum inn á vatnsgeymana sem eru fyrir neðra þrýstisvæðið
- Fram til ársins 2005 var vatnið úr “fjallinu” nóg fyrir efra svæðið mest allt árið.




Diagram: VAGLIR - Vaglir dælustöð og holudælur

10.4.2013 10:




Diagram: RANGÁRVELLIR - Vatnsveita Rangárvöllum

10.4.2013 10:

## Aðdragandi “næstum vatnsleysis” á Akureyri sl. sumar

- Þróun byggðar undanfarna áratugi hefur aukið álag á efra þrýstisvæðið
- Júní, júlí og ágúst sl. sumar voru þeir þurrustu á Akureyri frá því að mælingar hófust árið 1928
- Verið var að endurvirkja tvær gamlar lindir frammi á Glerárdal. Árið 2011 hafði hins vegar bæst við meira en þær gáfu við endurvirkjun á Hesjuvallasvæðinu

## Óvenju mikil notkun 9. ágúst 2012

Ástæður:

- Fimmtudagur
- 20-25°C hiti og sólskin
- Óhóflegt vökvunaræði bæjarbúa
- Mikil vatnsnotkun á eimsvala í búðum
- Skemmtiferðaskip tekur mikið vatn




# Veikleikar kerfisins að höndla álagið

- Dælugeta upp á efra þrýstisvæði ekki nægilegg
- Vatnsforði fyrir efra svæðið of lítill
- Endurnýjun Sellandslinda stóð yfir
- Ein dælan á Vöglum bilaði fyrr í vikunni
- Vöktun kerfisins hefði mátt vera betri

# Fyrirbyggjandi aðgerðir

- Dælugeta upp á efra þrýstisvæði aukin úr 260 $m^3$/h í 360 $m^3$/h
- Kerfisdælur endurnýjaðar á Vöglum og afköst fara úr 660 $m^3$/h í 920 $m^3$/h

# Fyrirbyggjandi aðgerðir til lengri tíma

- Bygging miðlunargeymis fyrir ofan efra þrýstisvæði (3ja þrýstisvæðið)
- Endurnýjun vatnslagna frá Hesjuvallalindum.

  Ábót verður vatnstúrbína til að framleiða rafmagn
- Virkjun nýrra linda (e.t.v. Grísarárlindir)

Takk fyrir